

Olúfélög fá styrki fyrir rafbílavæðingu

30.12.2016 - 16:49

[Innlent](#) · [Samgöngumál](#) · [Umhverfismál](#)

Mynd: Anton Brink - Ruv.is

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti í dag 16 styrki til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla. Alls bárust 33 umsóknir um styrkina, og samtals var sótt um 887 milljónir króna. Til ráðstöfunar í verkefnið var 201 milljón, eða 67 milljónir króna á ári í þrjú ár.

Hæsta styrkinn fékk Orka náttúrunnar, 57 milljónir króna og er gert ráð fyrir að á fyrsta ári verkefnisins muni fyrirtækið nýta 35 milljónir króna til að setja upp níu hraðhleðslustöðvar og eina hefðbundna hleðslustöð. Í heildina er gert ráð að settar verði upp 43 hraðhleðslustöðvar og 63 hefðbundnar, en þar af verða 58 hefðbundnar stöðvar settar upp á síðasta árinu.

Meirihluti olúfélaga fékk styrk

Vistorka á Akureyri fékk 26 milljónir króna, Skeljungur fékk 20 milljónir króna, Olíuverzlun Íslands fékk tæpar 20 milljónir og N1 fékk 15 milljónir. Í heild setja þessi fyrirtæki upp 18 hraðhleðslustöðvar og 5 hefðbundnar hleðslustöðvar. Þar af er Vistorka með allar hefðbundnu stöðvarnar og 7 hraðhleðslustöðvar.

Sex sveitarfélög fengu styrki, Árborg, Garðabær, Hafnafjarðarbær, Mosfellsbær, Reykhólahreppur og Reykjavíkurborg. Að auki fékk sjálfseignarstofnun Austurbrú, sem meðal annars öll sveitarfélögin á Austurlandi stofnuðu, styrki fyrir 13 hefðbundnum hleðslustöðvum.

Hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum

Á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins kemur fram að verkefnið sé hluti af sóknaráætlun Íslands í loftlagsmálum í tengslum við Parísarsamkomulagið svokallaða. Með því sé gert átak í að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu til að tryggja aðgengi að samgöngumáta sem sé betri fyrir loftslagið.

Styrkþegar

	Hraðhleðsla		Hefðbundnar	Verð
Austurbrú ses	0	13	7.506.560	
Árborg	0	5	3.725.000	
Garðabær	1	0	3.260.000	
Hafnarfjarðarbær	1	0	4.000.000	
HS Orka hf.	3	1	9.050.000	
Isavia ohf.	1	0	4.500.000	
Mosfellsbær	0	3	2.295.000	
N1 hf.	3	0	15.000.000	
Olíuverzlun Íslands hf.	4	0	19.625.000	
Orka náttúrunnar	14	4	57.100.000	
OV ohf.	2	3	11.600.000	
Reykholahreppur	1	0	2.500.000	
Reykjavíkurborg	0	29	10.947.500	
Skeljungur hf.	4	0	20.000.000	
Umhverfisstofnun	1	0	4.000.000	
Vistorka hf.	7	5	26.050.000	

